

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfiráðherra þann 11. febrúar 2002 staðfest aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Fellahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Fellahrepps 1981-2001.

Umhverfiráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, ný frístundabyggðarsvæði í Fellahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir fjórum nýjum frístundabyggðarsvæðum við Urriðavatn, Skógargerði, Hafrafell og Rauðalæk í Fellahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfiráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. febrúar 2002 staðfest sameiningu Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags skal vera Blönduóssbær.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgsholt.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgsholt í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að farið er út fyrir byggingarreit.

Breyting á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í stækkun lóðar til að liðka fyrir aðkomu að bílskúr.

Farið var með tillögurnar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 19. febrúar 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.